



Breytingar á rykfjúki vestur af Alba Mons

ESP_032709_2210

Þessi mynd var tekin til að leita að yfirborðsbreytingum sem orðið hafa á þriggja ára tímabili á rykugu svæði vestur af Alba Mons eldfjallinu. Myndin var tekin á því sem næst sama árstíma og mynd frá árinu 2007, auk þess sem lýsingin og sjónarhornin eru svipuð. Á fyrri myndinni sáust þykk ryklög sem söfnuðust saman undan vindi í hindrunum í landslaginu sem sjálf höfðu mótast af vindum. Þessi setlög, sem eru kölluð „kambar“, eru sjaldséð fyrirbæri á Mars og hafa hingað til aðeins fundist á örfáum stöðum, til að mynda á tindi Þarsis bungunnar og í hlíðum risaeldfjallanna. Aldur og uppruni þeirra er enn á huldu.